

Reykjavíkurborg
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 12. janúar 2018
UST201711-156/K.S.J.
10.04.01

Efni: Rammaskipulag fyrir þróunarsvæði 5 - Skerjafjörður

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er barst 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um forsögn að rammaskipulagi fyrir þróunarsvæði 5, Nýi Skerjafjörður. Svæðið er alls 23 ha.

Skipulagssvæðið

Í forsögn að rammaskipulagi kemur fram að Nýi Skerjafjörður er staðsettur við suðvesturhluta NA-SV flugbrautar Reykjavíkurflugvallar sem nú hefur verið lokað. Einnig kemur fram að ofangreint rammaskipulag er fyrsta skref í átt að því að framfylgja stefnu aðalskipulags um að á svæðinu rísi 600 – 800 manna byggð.

Náttúruminjar og útivist

Í ofangreindum drögum kemur fram að vestan og utan við rammaskipulagssvæðið eru hverfisverndarsvæði meðfram strandlínunni. Einnig kemur fram að til suðurs afmarkist svæðið af strandlinu Fossvogs og að við gerð rammaskipulags verður tekin afstaða til þess hvort gera eigi ráð fyrir landfyllingu og ef svo er þá hversu stór hún ætti að vera.

Að mati Umhverfisstofnunar er og verður strandlínan við Skerjafjörð mikilvægt náttúruminjasvæði og leggur stofnunin áherslu á að svæðinu milli hverfisverndaða svæðisins vestan rammaskipulagsins og friðlýsta svæðisins austan rammaskipulagsins, verði ekki raskað. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að halda strandlengjunni heilli og rýra ekki verndargildi hennar með fyllingu. Umhverfisstofnun bendir á að í náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 er svæðið Álfstanes-Skerjafjörður eitt af þeim fjórtán svæðum á landinu sem unnið skyldi að friðlýsingu á, til að stuðla að traustari vernd íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi.

Grunnvatn


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að grunnvatnshæð verði tryggð og að rennsli í Vatnsmýrinni breytist sem minnst við framkvæmdir. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að grunnvatnsstraumar til Vatnsmýrar og Tjarnarinnar skerðist ekki og að vatnsbúskapur Vatnsmýrarinnar og Tjarnarinnar og lífríki svæðisins verði áfram tryggt.

Einnig bendir stofnunin á að á framkvæmdatínum er nauðsynlegt að gæta að hugsanlegum mengunarvöldum t.d. olíum, til að lágmarka neikvæð áhrif á framangreint svæði.

Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um að leggja áherslu á gegndræpt yfirborð svæðisins.

Stofnunin biðst velvirðingar á því hversu lengi hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Björn Stefansson
Sérfræðingur